

Gos í Eyjafjallajökli - staða 15. júní 2010 kl. 17:00.  
Minnisblað frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans

- Unnið af: Magnúsi Tuma Guðmundssyni, Bergþóru S. Þorbjarnardóttur, Sigrúnu Hreinsdóttur og Gunnari Sigurðssyni.
- Byggt á: Jarðskjálftamælum, vatnsrennsli í Markarfljóti, GPS mælum, vefmyndavél, eldingamæligögnum og flugi yfir gosstöðvarnar 11. og 14. júní.
- Gufumökkur:
- Hæð: Nær yfir hundrað metra hæð á köflum.
- Stefna:
- Litur: Hvítur.
- Gjóskufall: Ekkert.
- Eldingar: Engar á mælaneti bresku veðurstofunnar.
- Drunur: Engar upplýsingar.
- Bræðsluvatn: Lítið vatnsrennsli frá Gígjökli.
- Eðjuflóð: Engin eðjuflóð síðustu daga.
- Aðstæður á gosstað: Að austan, sunnan og vestan heldur ísveggur að stöðuvatninu í gígnum en að norðan er gíggrimi sem rís um 20 m yfir vatnsborðið. Vatnið verður til við bráðnun ísveggjanna að suðvestan, en þar var gígopið sem gaus úr þegar virkni tók sig upp helgina 4. - 6. júní. Ekki er ljóst hve hröð vatnssöfnunin er, en vísbendingar eru um að hún sé af stærðargráðunni einn rúmmetri á sekúndu.
- Órói: Er lágur, en púlsar mælast af og til, t.d. síðastliðna nótt.
- Jarðskjálftar: Af og til mælast stöku smáskjálftar undir/við toppgíg Eyjafjallajökuls, yfirleitt grunnir. Í Mýrdalsjökulsöskju mældust þrettán smáskjálftar frá 11. til 14. júní, flestir grunnir. Þessi skjálftar gætu tengst bráðnun, en algengt er að skjálftavirkni á svæðinu aukist miðsumars.
- GPS-aflögun: Skjálftarnir sem mældust innan Mýrdalsjökulsöskjunnar virðast ekki hafa orðið í tengslum við landris á svæðinu, en engar marktækar lóðréttar færslur hafa mælst á stöðvum á og umhverfis jökulinn. GPS stöð á

Austmannsbungu (norðaustan í öskjunni) sýndi hins vegar um þriggja sentimetra lárétta færslu inn að öskjunni frá 8. til 13. júní.

**Heildarmat:**

Gígbarðurinn sem stúflar lónið er úr ösku, gjalli og kleprum. Vatnsborðshækkun yfir helgina hefur varla verið meiri en 1 - 2 metrar. Það virðist því líklegast að allmarga daga eða vikur taki að fylla gíginn. Mikilvægt er að komið verði á reglubundnu eftirliti með vatnshæð í lóninu. Ekki virðist raunhæft að koma fyrir siritandi vatnshæðarmæli en regluleg ljósmyndataka úr lofti gæti dugað. Sem stendur eru varla meira en 0,5 milljón rúmmetrar af vatni í gígnum. Nái vatnsborð að hækka um 20 metra frá því sem nú er myndu hafa safnast um 3 milljón rúmmetrar í gíginn. Hlaup kæmi niður Gíggökul og reynslujöfnur um flóð vegna stúflubrots benda til þess að slíkt flóð gæti náð hámarksrennsli 1500-2000 rúmmetrar á sekúndu. Þetta væri svipaður eða heldur lægri flóðtoppur en í flóðum sem urðu 14. apríl, á fyrsta degi gossins. (sjá Minnisblað frá Magnúsi Tuma Guðmundssyni).